

Díoxín í matvælum á Íslandi



Kjartan Hreinsson sérgreinadýralæknir
Mars 2011



• Helstu leiðir díoxíns í matvæli

- Yfir 90% með menguðu fóðri.
- Algengast í kjarnfóðri, berst með mengaðri fitu.
- Erlend tilfelli þess vegna viðtæk, þúsundir bóndabýla.
- Algengast í svína- og kjúklingaeldi.
- Berst einnig með ryki á gróður, í jarðveg ofl.
- Varðveitist í heyforða, en skolast hugsanlega af plöntum.
- Berst lítið með innöndun eða vatni.

- Helstu leiðir díoxíns í matvæli frh.
 - Dýr hafa mismunandi beitarhegðun og því getur upptaka verið mismunandi.
 - Hross bíta nær sverði en jórturdýr.
 - Efsta lag jarðvegs oft mengað.
 - Laus jarðvegur getur skapað endurmengun á beit.
 - Efnin varðveitast (þrávirk) í áratugi í jarðvegi.
 - Upptaka gegnum rótarkerfi plantna ósennileg.
 - Dýrin geyma mest allt sem étið er með fóðri.

• Hlutverk Matvælastofnunar

Matvælaöryggi

- Beint eftirlit með fóðri, búfjárafurðum , fiskafurðum
- Yfirumsjón með matvælaeftirliti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga

Dýraheilbrigði og dýravelferð

- Héraðsdýralæknakerfið
- Smitsjúkdómar í dýrum
- Dýravelferð

• Aðskotaefnaáætlun og sýnatökur

- Sýni tekin árlega skv. áætlun, díoxínlík PCB.
- Tekin og rannsökuð skv. relugerðum EB
- Niðurstöðum skilað árlega og áætlun f. næsta ár lögð fram. Ekki fengið athugasemdir.
- Rannsökuð mjólk (12), slátursýni(12) eldisfiskur (3).Einnig rannsökuð varnarefni.
- Reynt að taka mið af heildarframleiðslu á landinu.
- Niðurstöður algjörlega innan allra marka.

• Viðbrögð við mengun

- Stuðst er við áætlun sem er til fyrir hættuleg matvæli.
- Þessari áætlun var fylgt að mestu leyti.
- Áætlunin þarfnast endurskoðunar vegna ma. breyttrar verkaskiptingar stofnana.
- Samráð allra aðila er mikilvægast.

- Aðdragandi

- Díoxín greindist yfir leyfilegum mörkum í mjólk frá bóndabýli í Engidal
- Sýni tekið að frumkvæði MS.
- MS lætur MAST strax vita sem hefur samband við UST, sóttvarnarlækni ofl.

• Aðgerðir Matvælastofnunar

- Bann við dreifingu búfjárafurða frá Skutulsfirði (sölu á mjólk og slátrun búfjár)
- Sýnataka af mjólk, kjöti og heyi
 - Mjólk frá Engidal og mjólkurbýlum í aðliggjandi fjörðum
 - Kjöt frá bændunum sjálfum
- Tilkynnt öðrum stofnunum

• Niðurstaða úr sýnum

• Mjólk

- Engidalur yfir viðmiðunarmörkum
- Önnur mjólkursýni langt undir viðmiðunarmörkum

• Nautakjöt

- Annað sýnið yfir mörkum en hitt rétt undir mörkum

• Lambakjöt

- Tvö sýni eðlileg
- Tvö sýni lítilsháttar hækkun
- Sjö sýni töluverð hækkun þar af eitt yfir mörkum

• Hey við viðmiðunarmörk

• Aðgerðir Matvælastofnunar

- Beint til sláturleyfishafa og kjötvinnslu fyrirtækja að rekja hvort enn væri kjöt á markaði og innkalla það.
- 1.5 tonn innanlands og 5 tonn flutt til Englands og Spánar.
- Einnig innkallað nautakjöt héraendis.
- Innköllun gekk yfirleitt vel.
- Reynir á rekjanleikakerfi fyrirtækja og mikilvægi þeirra.

- Aðgerðir Matvælastofnunar frh

- Fundur með búfjáreigendum í Skutulsfirði

- Sérfræðingahópur

- Fulltrúar frá Matvælastofnun, Rannsóknastofu í næringarfræði, Landbúnaðarháskólanum, Nýsköpunarmiðstöð og Bændasamtökum Íslands.

- Greina hvaða leiðir koma til greina varðandi búfjárhald og nýtingu búfjárafurða í Skutulsfirði

- Nýting berja, fugla, eggja etc.

- Sýnataka og eftirlit

- Aukin sýnataka í nágrenni sorpbrennslustöðva, hefur farið fram.

• Leiðir framundan

- Dýr sem hafa tekið í sig díoxín losna ekki við það nema mjólkandi dýr sem skilja það út með mjólkinni.
- Þess vegna ekki unnt að nýta mjólk og kjöt af dýrum þegar mengunin er komin upp fyrir ákveðin mörk.
- Ber eru væntanlega menguð á yfirborði og díoxínið skolast af í rigningu.
- Eftir er að rannsaka villt dýr og fugla
- Skýrsla sérfræðingahóps á næstu dögum.

Takk fyrir!

www.mast.is

